



Fréttatilkynning
16 October 2023 08:42:00 GMT

Ellert Hlöðversson ráðinn framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandsbanka

Ellert Hlöðversson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Fjármálasviðs Íslandsbanka. Ellert hefur viðtæka reynslu af störfum á fjármálamarkaði og hefur starfað hjá Íslandsbanka frá árinu 2010, nú síðast sem forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar.

Ellert Hlöðversson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Fjármálasviðs Íslandsbanka. Ellert hefur viðtæka reynslu af störfum á fjármálamarkaði og hefur starfað hjá Íslandsbanka frá árinu 2010, nú síðast sem forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar. Þar áður gegndi hann stöðu forstöðumanns verðbréfamíðlunar bankans og starfaði þar áður sem verkefnastjóri í fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka, þar sem hann leiddi og veitti ráðgjöf varðandi meðal annars samruna og samþættingu fyrirtækja og ýmiss konar fjármögnunarverkefni.

Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri Íslandsbanka:

„Það er mikið ánægjuefni að fá Ellert í framkvæmdastjórn þar sem hann mun leiða fjármálasvið bankans. Ellert býr yfir mikilli reynslu af fjármálamörkuðum og þekkir Íslandsbanka afar vel. Reynsla hans af ráðgjöf til fjölda fyrirtækja þvert á atvinnugreinar verður góð viðbót við aðra stjórnendur bankans og mun nýtast vel fyrir bankann á komandi árum.“

Ellert er með B.Sc gráðu í rafmagnsverkfræði og M.Sc gráðu í fjármálaverkfræði frá Háskóla Íslands. Þá hefur hann lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Ellert tekur við starfinu um næstu áramót.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is

Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

Um Íslandsbanka

Íslandsbanki er alhliða banki sem leggur áherslu á að koma til móts við þarfir viðskiptavina sinna og á sér langa sögu sem nær aftur til ársins 1875. Bankinn leggur áherslu á traustan rekstur og að hafa jákvæð áhrif í samfélaginu en hlutverk bankans er að vera hreyfiafl til góðra verka svo viðskiptavinir okkar náí árangri. Með framtíðarsýn um að skapa virði til framtíðar með því að veita framúrskarandi þjónustu, vinna þrjár viðskiptaeyningar þétt saman til þess að viðhalda góðum viðskiptasamböndum. Markaðshlutdeild bankans er sterk og rekur bankinn skilvirkasta útibúanetið á landinu og styður um leið við viðskiptavinina sína á stafrænni vegferð þeirra. Umhverfið sem bankinn starfar í er eftirsóknarvert og er Íslandsbanki vel í stakk búinn að takast á við tækifærin framundan með öflugar tæknilegar stoðir og sterkan efnahagsreikning. Íslandsbanki er með lánshæfismatið A3 frá Moody's Investor Services og BBB/A-2 frá S&P Global Ratings. Hlutabréf bankans eru skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.



Fréttatilkynning
16 October 2023 08:42:00 GMT

Viðhengi

[Ellert Hlöðversson ráðinn framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandsbanka](#)